



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

HÖNN2FY05

Hönnun - Fylgihlutir

Kennari:	Helga Jóhannesdóttir	Sk.st.	HJ
-----------------	-----------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur hanna fylgihluti, t.d. töskur, klúta, skartgripi eða höfuðföt.
Vinnuferli safnað saman í vinnuöppu jafnóðum.
Gagnasöfnun um fylgihluti, sameiginlega og persónulega.
Gerð hugmyndaspjalds og vinna með það.
Hönnunartillögur unnar út frá hugmyndaspjaldi.
Tilraunir með snið og form.
Fylgihlutur úr textíl framleiddur.
Eigin hönnun kynnt á sýningu eða ústillingu
Vettvangsferð skipulögð í sameiningu.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

1. Þýðingu fylgihluta sem hluta af alklæðnaði
2. Mismunandi fylgihlutum á ýmsum tímabilum sögunnar
3. Ferli í hönnunarvinnu, frá gagnasöfnun að skissum
4. Tilraunavinnu út frá skissum
5. Mótun fylgihlutar úr textíl með ýmsum aðferðum
6. Mikilvægi frágangs á hönnuðum vörum
7. Vægi markaðssetningar á hannaðri vöru

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

1. Að gera tilraunir með mismunandi form úr mismunandi efnivið
2. Að geta nýtt sér hugmyndir úr sögunni til gagnasöfnunar
3. Að geta unnið tilraunavinnu út frá gagnasöfnun
4. Að geta mótað nothæfan fylgihlut úr textíl
5. Að skipuleggja kynningu á hönnun sinni

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

1. Hanna sinn eigin, persónulega fylgihlut
2. Geta nýtt sér hinar ýmsu aðferðir í textílmennt til að setja saman fylgihlut
3. Geta samið og útbúið einfalda en vandaða verklýsingu

4. Geta tamið sér vönduð vinnubrögð í hönnun og handverki

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af Interneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34 35 - 37	17. – 21. ágúst 22. - 16. sept.	Kynning og skipulag Hugmyndavinna tengd afm. FSu.	Vinumöppugerð Hönnun fylgihluta
38 - 40 41 - 42 43 - 48	19.sept. - 8.okt. 11. - 22. okt. 24.okt. - 2.des.	Tilraunavinna með pappír og textíl Tenging - sýning fyrir valdag Framleiðsla og frágangur á fylgihlut(um) allt eftir umfangi	Prufugerð Vinnuframlag f sýningu Myndræn vinnulýsing með einum eða fleiri fy.
43 - 48	24.okt. - 2. des.	Vettvangsferð	Myndræn lýsing á ferð

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlögn 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
4. Efnisgjald, kr. 6.500 skal greiðast í s.l. lagi föstudaginn 2. september á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í vinnumöppu og einfalda fylgihluti, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Textíldéild FSu hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun, prufuhlutur og/eða tilraunavinna, auðskilin vinnulýsing, fullunnin fylgihlutur, umfang hans, frágangur og markaðssetning.	100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.